

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

**Fenylefrin Abcur 0,05 mg/ml, stungulyf, lausn**

**Fenylefrin Abcur 0,1 mg/ml, stungulyf, lausn**

fenýlefrín

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækinn eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli.

**Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Fenylefrin Abcur og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Fenylefrin Abcur
3. Hvernig nota á Fenylefrin Abcur
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Fenylefrin Abcur
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### **1. Upplýsingar um Fenylefrin Abcur og við hverju það er notað**

Lyfið tilheyrir flokki lyfja sem nefnast adrenvirk og dópamínvirk lyf. Fenylefrin Abcur er notað til meðferðar við lágum blóðþrýstingi, sem getur komið fram meðan á ýmiss konar svæfingu stendur.

### **2. Áður en byrjað er að nota Fenylefrin Abcur**

**Ekki má nota Fenylefrin Abcur**

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir fenýlefríni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú ert með háþrýsting (háan blóðþrýsting)
- ef þú ert með æðakvilla í útlimum (lélega blóðrás)
- ef þú ert með ofvirkan skjaldkirtil (hátt magn af skjaldkirtilshormóni)
- ef þú tekur lyf sem valda þrengingu æða (efedrín, pseudoefedrín, metýlfenídat)
- ef þú tekur lyf sem kallast ósértækir mónóamín-oxídasahemlar (MAO) eða 2 vikum eftir að meðferð með þeim við þunglyndi er hætt (íproníazíð, níalamíð)
- ef þú tekur lyf til inntöku um munn eða notkunar í nef sem valda þrengingu æða (etílefrín, mídodrín, nafazólín, oxýmetazólín, sýnefrín, tetryzólín, túamínóheptan, týmazólín)
- ef framhólf auga er grunnt
- ef þú ert með sögu um bráða aukningu á þrýstingi í auga (bráða þrönghornsgláku)

**Varnaðarorð og varúðarreglur**

Mikilvægt er að hafa eftirlit með blóðþrýstingi í slagæðum meðan á meðferðinni stendur.

Leitið ráða hjá læknum eða hjúkrunarfræðingnum áður en Fenylefrin Abcur er notað:

- ef þú ert aldraður/öldruð
- ef þú ert með ofvirkan skjaldkirtil
- ef þú átt við hjartavandamál að stríða, svo sem hægán hjartslátt, gáttasleglarof (að hluta), hjartavöðvasjúkdóm, lélega blóðrás í hjartanu
- ef heilablóðrásin er léleg
- ef þú ert með æðakölkun (hörðnun og þykknun æðaveggja)

- ef þú ert með sykursýki

### **Notkun annarra lyfja samhliða Fenylefrin Abcur**

Látið lækninn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Ekki má nota Fenylefrin Abcur samhliða:

- lyfjum sem valda þrengingu æða (efedrín, pseudoefedrín, metýlfenídat)
- lyfjum til inntöku um munn eða notkunar í nef sem valda þrengingu æða (etílefrín, mídódrín, nafazólín, oxýmetazólín, sýnefrín, tetrýzólín, túamínóheptan, týmazólín)
- lyfjum til meðferðar við þunglyndi (íproníazíð, níalamíð)

Milliverkanir eru hugsanlegar við eftirfarandi lyf:

- díhýdróergótamín, ergótamín, metýlbergómetrín, metýlsergíð (við mígreni)
- línezólíð (sýklalyf)
- brómókriptín, cabergólín, lísúríd, pergólíð (við Parkinsons-sjúkdómi)
- móclóbemíð, tóloxatón (við þunglyndi)

### **Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum áður en lyfið er notað.

Meðganga

Ekki má nota lyfið á meðgöngu nema augljósa nauðsyn beri til.

Brjóstgjöf

Konum sem hafa barn á brjósti skal ekki gefa lyfið nema augljósa nauðsyn beri til.

### **Akstur og notkun véla**

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

### **Fenylefrin Abcur inniheldur natríum**

Lyfið inniheldur 185 mg af natríum (aðalefnisþáttur matar-/borðsalts) í hverju 50 ml hettuglasi. Þetta samsvarar 9,3% af ráðlögðum dagskammti natríums í mataræði fyrir fullorðna.

Hver 20 ml lykja inniheldur 74 mg af natríum. Þetta samsvarar 3,7% af ráðlögðum dagskammti natríums í mataræði fyrir fullorðna.

Hver 10 ml lykja inniheldur 37 mg af natríum. Þetta samsvarar 1,9% af ráðlögðum dagskammti natríums í mataræði fyrir fullorðna.

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól af natríum (23 mg) í hverri 5 ml lykju, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

## **3. Hvernig nota á Fenylefrin Abcur**

Læknir eða hjúkrunarfræðingur mun gefa þér Fenylefrin Abcur í æð (bláæð). Læknirinn ákveður réttan skammt fyrir þig og hvenær og hvernig inndælingin fer fram.

### **Ef stærri skammtur af Fenylefrin Abcur en mælt er fyrir um er notaður**

Einkenni of stórs skammts af Fenylefrin Abcur eru hraðari og óreglulegur hjartsláttur. Ekki er líklegt að þetta gerist vegna þess að þér verður gefið lyfið á sjúkrahúsi.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn

lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

#### 4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Tilkynnt hefur verið um eftirfarandi aukaverkanir:

#### Tíðni ekki þekkt: ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum

- höfuðverk
- viðbragðshægslátt (hægan hjartslátt)
- æsing
- óróa
- hjartsláttartruflanir
- háan blóðþrýsting
- brjóstverki

#### Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

#### 5. Hvernig geyma á Fenylefrin Abcur

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni á eftir „Fyrnist“. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

#### 6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

##### Fenylefrin Abcur inniheldur

- Virka efnið er fenylefrín sem fenylefrínhýdróklóríð.
- Önnur innihaldsefni eru natríumklóríð, natríumsítrat, sítrónusýra, vatn fyrir stungulyf.

##### Lýsing á útliti Fenylefrin Abcur og pakkningastærðir

Fenylefrin Abcur 0,05 mg/ml, stungulyf, lausn, er selt í 10 ml glerlykjum.

Fenylefrin Abcur 0,1 mg/ml, stungulyf, lausn, er selt í 5 ml, 10 ml eða 20 ml glerlykjum og og 50 ml hettuglösum úr gleri.

Lykjurnar eru í plast- eða pappabökkum í pappöskjum með 5, 10, 20, 50 eða 100 lykjum.

Hettuglösunum er pakkað í pappöskjur með 1, 12, 24 eða 48 hettuglösum.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

**Markaðsleyfishafi**

Abcur AB  
P.O. Box 1452  
251 14 Helsingborg  
Svíþjóð

**Framleiðandi**

Laboratoires Renaudin  
Z.A Errobi  
F-64 250 Itxassou  
Frakkland

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júní 2023.**